

Samgönguáætlun 2020

Mál 434 og 435.

Gervihnattaleiðsaga af bestu gerð verður sífellt mikilvægari í nútímasamfélagi, ekki síst fyrir hvers konar samgöngur.

Vegna stjórnvaldsákvörðunar nýtur Ísland ekki sama aðgangs að tækninni og nágrannabjóðir. Þegar samstarf um gervihnattaleiðsögu var tekið upp í EES samning árið 2009 var þátttökunni frestað. Í ákvörðun 94/2009 kom fram:

a) *"Samningsaðilar hafa gagnkvæma hagsmuni af því að Ísland og Noregur öðlist aðild að Evrópuáætlunum um leiðsögu um gervihnött (EGNOS og Galileo) á grundvelli samningsins."*

b) *"Sökum efnahagslegra örðugleika skal þátttöku Íslendinga í áætlunum um fjarleiðsögu um gervihnött þó frestað um skeið."*

Þannig stendur málið enn í dag. Ísland lendir því á útjaðri dreifingarsvæðis EGNOS leiðréttingarmerkja, samanber mynd. Nýting merkjanna hér er því ótrygg og takmörkuð. Hinsvegar er dreifing merkjanna örugg og þjónustan samningsbundin, innan EU28 ríkjanna auk Noregs og Sviss.

Skorað er á stjórnvöld að virkja tilgreint ákvæði í EES samningi, sem er lykillinn að úrbótum.

Marka þarf stefnu í samgönguáætlun sem heimilar ráðuneyti, Samgöngustofu og Isavia að gera ráðstafanir sem tryggja að besta tækni í gervihnattaleiðsögu verði aðgengileg um land allt. Það er mikilvægur þáttur fyrir greiðar samgöngur og öruggar samgöngur.

Virðingarfyllt,
Víðir Gíslason

